



Fréttatilkynning

10 December 2025 16:15:00 GMT

Arion banki: Hæstiréttur Íslands telur skilmála verðtryggðs íbúðaláns löglega

Hæstiréttur kvað í dag upp dóm í máli sem höfðað var gegn Arion banka og snéri að skilmálum tiltekins íbúðaláns sem innihélt ákvæði um breytilega verðtryggða vexti. Dómurinn telur að skilmálar lánsins, sem kveða á um heimildir bankans til breytinga á vöxtum, séu lögmætir og staðfesti þar með dóm Landsréttar í málinu.

Dómstólar eiga eftir að kveða upp sinn dóm varðandi vaxtabreytingaskilmála óverðtryggðra íbúðalána Arion banka. Skilmálar þeirra lána eru sambærilegir þeim sem fjallað er um í dómi Hæstaréttar frá því í dag að því undanskildu að þeir vísa einnig til vaxta sem Seðlabankinn ákveður.

Í samræmi við tilkynningu bankans frá 15. október sl. þá er það mat bankans að þrátt fyrir að dómstólar kæmust að sambærilegri niðurstöðu í máli bankans varðandi óverðtryggða vexti og hann komst að í málinu gegn Íslandsbanka þann 14. október sl. yrðu fjárhagsleg áhrif slíkrar niðurstöðu óveruleg.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, fjárfestatengsl Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760 eða Haraldar Guðna Eiðssonar, forstöðumanns samskiptasviðs, samskiptasvid@arionbanki.is, s. 856 7108.

Viðhengi

[Arion banki: Hæstiréttur Íslands telur skilmála verðtryggðs íbúðaláns löglega](#)